



Varðar: Framnesvegur 48 – erindi frá byggingafultrúa

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. maí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu á lóð nr. 48 við Framnesveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Framnesvegi 48 borgarhluta 1 Vesturbæ og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB1Framnes.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 14. desember 2006 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 48 við Framnesveg er steinsteypt tvíþýlishús, byggt árið 1922 skv. fasteignaskrá og er því friðað skv. Lögum um menningarminjar 80/2012, kafli VII, 29. gr. Það má því ekki rífa eða breyta nema með leyfi og í samráði við Minjastofnun Íslands. Á lóðinni er einnig bílskúr byggður árið 1930 og er því umsagnarskyldur skv. sömu lögum, 30. gr. en þar segir að eigendum húsa mannvirkja sem ekki njóta friðunar en voru byggð 1940 eða fyrr, er skylt að leita álíts Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta, flytja eða rífa þau. Nú liggur fyrir hjá byggingafultrúa umsókn um niðurrif. Óskað er álíts skipulagsfulltrúa á leyfi til að byggja bílageymslu í stað eldri skúrs.

Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind Hverfisvernd innan Hringbrautar. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ytrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna. Svipmóti húsa, verði sem minnst raskað og endurbyggingu miðist sem mest við upphaflega gerð hússins, t.d. varðandi ytra byrði, veggáferð, gluggagerðir og þak. Sama gildir t.a.m. um afmörkun lóða, svo sem garðveggi og girðingar. Viðbyggingar og stakar byggingar skulu taka mið að þessum markmiðum.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að bílskúrin á lóðinni sé óbreyttur en heimild til að rífa hann er til staðar. Leita þarf samþykkis Minjastofnunar á niðurrifi eldri skúrs. Miðað við ástand bílskúrs er ekki gert ráð fyrir að Minjastofnun fari fram á varðveislu hans. Heimilt er að rífa eldri skúr skv. deiliskipulagi og ekki lagst gegn byggingu nýs bílskúrs svo framalega sem stærð hans og hlutföll taki mið að gamla bílskúrnum sem var fyrir Miðað við byggingalýsingu verður leitast við að ná fram svipuðu útliti og á íbúðarhúsi á lóð.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við endurbyggingu bílskúrs, með fyrirvara um samþykki Minjastofnunar.
- Nýr skúr skal taka mið að þeim eldri í formi og hlutföllum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri